

116

19. júlí

26. gr.
Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um, að tilgangi samþykktarinnar verði ekki náð og lög-mætur aðalfundur ræktunarfélagsins samþykki það með a. m. k. ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Nú er samþykkt úr gildi felld, sbr. 26. gr., og renna þá eignir ræktunarfélagsins til Búnaðarfélags Hrunamanna, skiptast eftir sömu reglum og farið var eftir við framlög til stofnsjóðs ræktunarfélagsins.

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðar-ráðherra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. júlí 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Árni G. Eylands.

117 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigur-
30. júlí borgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar, Hólum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 30. júlí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurborgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar, Hólum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sigurborgar Sigurðardóttur og Þorleifs Jónssonar, Hólum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlög frá sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, 1500 kr., og frá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, 2500 kr., afhent Þorleifi Jónssyni sem heiðursgjöf á áttatíu ára afmæli hans, 21. ágúst 1944, til minningar um þau hjón. Jafnframt var af gefendum ákveðið, að viðtakandi skyldi ráðstafa sjóðnum og ákveða verkefni hans, eftir því sem honum sýndist æskilegast.

3. gr.

Fé þetta, kr. 4000.00, hefur viðtakandi lagt í innlánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á Höfn.

Viðtakandi, Þorleifur Jónsson, hefur ákveðið starfssvið sjóðsins eins og eftir fylgir: 117

30. júlí

4. gr.

Minningarsjóðnum skal varið til styrktar húsmæðrafræðslu í Austur-Skaftafellssýslu.

5. gr.

Leggja skal alla vextina við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 6000 kr. Má þá verja helming vaxta til húsmæðraskóla í sýslunni eftir því, sem stjórn sjóðsins ákveður.

6. gr.

Eftir því sem sjóðurinn stækkar, má verja meiru af vöxtum hans á þann hátt, er segir í 5. gr. En ætíð skal þó leggja $\frac{1}{4}$ vaxta við höfuðstólinn.

7. gr.

Tillögum, áheitum og gjöfum er veitt móttaka í sjóðinn, hvort heldur frá félögum eða einstaklingum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Einn maður kosinn af sýslunefnd Austur-Skaftafellsýslu, einn kosinn af stjórn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og hinn þriðji af sambandi kvenfélaga sýslunnar. Til bráðabirgða tilnefnir kvenfélagið Vaka í Nesjum konu í sjóðstjórnina, á meðan umrætt kvenfélagasamband er ekki myndað. Sérhver aðili ofangreindra kys og einn varamann í stjórn sjóðsins.

9. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Kys hún sér formann, gjaldkera og ritara. Hún annast um, að sjóðurinn sé ávaxtaður í öruggri lánsstofnun, eða ríkistryggðum skuldabréfum, ef þau gefa hærri vexti. Hún semur reikning sjóðsins ár hvert, og skal hann lagður fyrir sýslunefnd til yfirskoðunar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

Hólum á sumardaginn fyrsta 1945.

Þorleifur Jónsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.

F Y R S T I Þ Á T T U R

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenn-ingur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur,